

584. fundur

Miðvikudaginn 8. júlí 2015 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. l. nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson ANR formaður

Baldur Arnar Sigmundsson ANR

Benedikt S. Benediktsson FJR

Kristín Sigfúsdóttir ANR ritari nefndarinnar.

Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR var í orlofi.

1. Lögð fram fundargerð 583 og samþykkt án athugasemda.
2. Tekið var til framhaldsumræðu staða markaðarins um skort og/eða fyrirsjáanlegan skort á svínasíðum. Að fengnum athugasemdum frá umsagnaraðila endurskoðaði nefndin afstöðu sína og í kjölfar þess var ákveðið að senda aftur til umsagnar drög að reglugerð sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra.

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og tollalaga nr. 88/2005, sendir ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra varðandi úthlutun á opnum tollkvótum vegna innflutnings á svínasíðum:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Tollskrárn.</i>			kg	%	kr./kg
	<i>Svínakjöt, fryst:</i>				
	-- Annað:				
ex0203.2902	Annað - svínasíður með beini	27.07 - 15.09.15	ótilgr.	0	65
ex0203.2909	Annað - svínasíður beinlaust	27.07. - 15.09.15	ótilgr.	0	204

Rökstuðningur: Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað er ljóst að framboð á svínasíðum er ekki nægjanlegt á innanlandsmarkaði á næstu mánuðum.

Framboð á þessum vörum uppfyllir því ekki skilyrði 2. mgr. 65. gr. A laga nr. 99/1993.

Með vísan til 2. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993 gerir nefndin framangreindar tillögur.

Fleira ekki gert og fundi slitið.